



Samstarfssamningur



Milli Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar (SÍ) og Slökkviliðs ISAVIA á Ísafjarðarflugvelli (ISAVIA)

1. gr.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Isavia Innanlands ehf. kt. 591219-1380, gera milli sín eftirfarandi samning um viðbrögð vegna útkalla slökkviliðs á starfssvæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar.

2. gr.

Isavia Innanlands ehf. skuldbindur Slökkvilið Isavia á Ísafjarðarflugvelli til að veita aðstoð við slökkvistarf eða við mengunaráhapp utan umdæmis síns.

3. gr.

Isavia Innanlands ehf. skal veita Slökkviliði Ísafjarðarbæjar þann mannafla, búnað og tæki sem Slökkvilið Ísafjarðarbæjar metur nauðsynlegt til aðstoðar við umfangsmikla eldsvoða og óhöpp, sbr. 4. gr. samnings þessa.

4. gr.

Verklag við beiðni um aðstoð skal vera með þeim hætti að slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar hefur samband við umdæmisstjóra Isavia Innanlands ehf. á Ísafjarðarflugvelli og óskar eftir tiltekinni aðstoð frá Slökkviliði Isavia á Ísafjarðarflugvelli.

Með vísan til öryggissjónarmiða vegna brunavarna á Ísafjarðarflugvelli er umdæmisstjóra á Ísafjarðarflugvelli heimilt að neita beiðni um aðstoð, að einhverju eða öllu leyti.

5. gr.

Isavia Innanlands ehf. leggur til, án endurgjalds, sem nemur alls tíu vinnustundum starfsmanna sinna.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar skal greiða fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu starfsmanna, eftir 10 klst. Greitt skal samkvæmt gjaldskrá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Gjaldskráin er uppfærð og staðfest af bæjarstjórn árlega, en gjald útseldrar vinnu skv. gjaldskrá dags. 5. desember 2019, er kr. 15.909.

Útlagður kostnaður Slökkviliðs Isavia á Ísafjarðarflugvelli, vegna aðstoðar í samræmi við samning þennan, s.s. vegna hreinsunar í kjölfar staðbundinna slysa, sem ekki er greiddur af þriðja aðila, skal greiddur af Slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

6. gr.

Gildistími þessa samnings er frá undirritun, og gildir í 5 ár, eða til ársins 2025.

Hvor aðili um sig getur sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara, með skriflegum hætti, nema um annað sé samið.


7. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.
Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.
Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.





Ísafirði, 24. júní 2020


F.h. Ísafjarðarbæjar


F.h. Isavia ohf.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift


Nafn og kt. 271283-2539


Nafn og kt.

Slökkviliðsstjóri
Ísafjarðarbæjar